

þörlum virðingarverðsins, og á veidi sjálfsgætt að minsta kosti að vera trygt fyrir allt virðingarverðið, en hins vegar verður að virða viðkomandi hús eptir því, sem það er ætlað að geta gengið í kaupum og solum; og má ekki ákveða verð hússins eptir því, sem kostað hefir verið til að bygga það, eðr eptir því, sem það er trygt fyrir gegn eldsvoða.

25
6ta
nóvbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

26
6ta
nóvbr.

Eptir að sýstumaðrinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu að tilmælum sveitarstjórnarinnar í Kjalarnefshrepp hafði leitt athygli amtsins að því, að fátækraftund hafði aldrei verið goldin til nefnds hrepps af þjóðeigninni Lundey, og beiðst þess, að amtið hlutadíst til umf, að slík tíund yrði framvegis greidd hreppnum, hefir herra amtmadrinn í þóknunlegu bréfi 22. þ. m. látið í ljósi, að yðr séu ekki kunnar neinar sérstakar ástæður, er geti undanþegið nefnda jörð frá þessu gjaldi, sem annars sé greitt af þjóðeignum, eins og öðrum jörðum á landinu, þó það kynni að mega álitast vafasamt, hvort það tíundarfrælsi, sem jörð þessi tjáist að hafa verið adnjótandi í ómunatíð, sé ekki búið að vinna slíka hefð, að jörðin nú ekki geti orðið svipt því. Yðr þykir því geta verið ástæða til að neita greiðslu fátækraftundar af nefndri jörðu, en láta dómstólana skera úr málinu, ef hrepprinn vill halda áfram kröfu sinni.

Af þessu tilefni skal eg jafnframt því að geta þess, að ekki sé skylt að greiða fátækraftund af öllum þjóðjörðum, samb. bréf dómsmálastjórnarinnar 21. febrúar 1870 og 31. október 1871 — og að tíundin, þar sem hún er goldin, muni vanatega greidd af ábúðnum — hér með þjónustusamlega tjá yðr til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum, að ástæða virðist ekki vera til að greiða fátækraftund af tekjum landssjóðsins af Lundey, nema því að eins, að dómstólarnir, sem eptir eðri málsins eiga úr því að skera, dæmi þessa skylda á eyjuna.

Bréf landshöfðingjans (til lögreglustjórans í Reykjavík).

27
6ta
nóvbr.

Með þessu bréfi er meðal annars skipað fyrir, að fangahaldið bæði í hegningarhúsinu í Reykjavík og í fangelsi því, sem með því er sameinað, skuli fram fara fyrst um sinn á kostnað landssjóðsins, og að þessi kostnaðr skuli að því, er snertir fangelsið samkvæmt 6. grein tilsk. 4. marz 1871 endrgoldinn úr jafnaðarsjóði hlutadeigandi amts eðr úr bæjar-sjóði Reykjavíkr með þessum upphæðum, sem dómsmálastjórnin hefir tiltekið í bréfi 28. febrúar þ. á.:

24 sk. daglega fyrir hvern fanga, er hefir venjulegt fangaviðrverá; en

12 — — — — —, er sitr við vatn og brauð.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr og austrumdæminu).

28
7da
nóvbr.

Með bréfi frá 28. septbr. þ. á. meðtók eg ummæli herra amtmannsins um erindi Sigurðar Sigurðssonar á Flatnefsstöðum í Húnavatnssýslu, þar sem hann skýtr úrskurði yðr frá 26. septbr. þ. á. til úrlausnar landshöfðingjans, en þessi úrskurðr segir hann skyldan fram að færa dótturbarn sitt Ólöfu Jóhannsdóttur að svo miklu leyti, sem foreldrar barnsins ekki séu þess um komið, og að endrgjalda Kirkjuvammshreppi kostnað þann, sem leitt hafi af og framvegis muni leiða af framfærslu þess. Skal því tjáð yðr til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum það, er nú segir:

Barn það, sem getið var um, er eptir því, sem fram hefir komið í málinu, óskilgetin dóttir skilgetinnar dóttur kærandsins. Móðir barnsins hefir gefið með því að öllu leyti, þangað til það var 2 ára, og síðan hefir hún lagt með því 2 vættir árlega eðr þriðjung fullrar með-